

## FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
3350-003-FUN-120-V01	<b>120. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)</b>	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
20.10.2020 / 10:00 – 12:00	START hópurinn	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
120	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Staða skráningar.</li> <li>2. Kostnaður vegna skorts 2020-2021.</li> <li>3. Kostnaður hjá stórnotendum.</li> <li>4. Áætlun ársins 2021.</li> <li>5. Önnur mál</li> </ol>	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
IJB / 05.11.2020	IJB	EFLA/Teams
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ragnar Stefánsson (RS)	Fjarfundur	Landsnet
Benedikt Einarsson (BE)	Fjarfundur	Veitur
Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG)	Fjarfundur	Norðurorka
Kjartan Rolf Árnason (KRA)	Fjarfundur	RARIK
Rán Jónsdóttir (RJ)	Fjarfundur	Orkustofnun
Egill Sigmundsson (ES)	Fjarfundur	HS Veitur
Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)		EFLA
Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)		EFLA
Jónas Hlynur Hallgrímsson (JHH)	Fjarfundur	EFLA
FJARVERANDI	FYRIRTÆKI	
Ragnar Emilsson	Orkubú Vestfjarða	
DREIFING	FYRIRTÆKI	
START hópurinn		
FUNDARSKJÖL	NÆSTI FUNDUR	
3350-003-04-SKY-007-V01-Kostnaður vegna skorts fyrir árið 2019.pdf	25.11.2020 / 13:00	
3350-003-VEA-004-V01 Verkefnishandbók_START_21.pdf		
DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR	ÁBYRGÐ / ÁKVÖRDUN	

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn hjá EFLU og sem fjarfundur í Teams.

### 1. Staða skráningar

Farið var yfir stöðu skráningar truflanaskýrsla hjá veitunum.

Norðurorka:	Gengur vel að skrá skýrslur.
Landsnet:	Skráning gengur vel. Það hafa komið kerfjandi truflanatilvik í ár.
RARIK:	Byrjunarörðuleikar með nýtt skráningarkerfi. Hafa skráð truflanir í eldra kerfi.
Veitur:	Miðað við fjölda tilvika, er árið gott eins og í fyrra, það eru fáar truflanir.
HS-Veitur:	Gengur vel að skrá skýrslur, hvert svæði sér um sína skráningu. Færri truflanir í ár mv. fyrri ár.

## 2. Kostnaður vegna skorts 2020-2021

KR fór yfir skýrslu „Kostnaður vegna skorts. Tölur til notkunar árin 2020, 2021, 2022 og 2023“.

Kostnaður samfélagsins vegna veðursins í desember er metinn 5,9 milljarða króna.

## 3. Kostnaður hjá stórnotendum

JHH fór stuttlega yfir framvindu í verkefni sem snýr að kostnaði vegna raforkutruflana hjá stórnotendum. Það verður boðaður auka fundur í nóvember þar sem farið verður yfir skýrslu og niðurstöður könnunnar.

Einnig fór hann yfir verkefni næsta árs sem tengjast kostnaði vegna skorts. KRA benti á að vegna Covid aðstæðna væri ekki besti tími að gera kannanir hjá fyrirtækjum á næsta ári. Nefnt var að færa hluta vinnunnar yfir á árið 2022, verður það skoðað. JHH fer af fundi. Tímum var fækkað í þessum lið um 50, þannig í stað 680 tímum í kostnað vegna skorts fer heildartalan í 630.

## 4. Áætlun ársins 2021

IJB fór yfir verkefnahandbók næsta árs. Gert er ráð fyrir að endurskoða notendahandbók á næsta ári. Síðan væri vinna tengt kostnaði vegna skorts og hefðbundin verkefni. Áætlun verður tekin fyrir á aukafundi í nóvember.

## 5. Önnur mál

RS spyr hvort önnur fyrirtæki séu að skrá truflanir í aflstöðvum sem tengjast dreifikerfinu og hver afstaða Orkustofnunar eru og hvort krafa sé um slíka skráningu.

KRÁ, RARIK skráir ekki slíkar truflanir. Þeir hafa ekki sérstakan aðgang að upplýsingum frá virkjunum.

RS Nefnir að Landsnet skráir truflanir í virkjunum Landsvirkjunar, einnig eru skráðar upplýsingar fyrir virkjanir sem tengjast flutningskerfinu. Hann spyr RJ hvort þeir eigi að hætta að skrá þessar upplýsingar? Hvernig viljum við hafa þessa skráningu?

KR benti á að þessar upplýsingar nýtast í að meta líkur á aflskorti, hefur notast í verkefnum um áreiðanleika og líkur á aflskorti fyrir Landsnet og Landsvirkjun.

KRÁ það gæti verið rétt að skrá upplýsingar ef virkjun væri t.d. 5- 10 MW. Einnig nefndi hann að Mannvirkjunarstofnun gerir kröfur um skráningu, en ekki hvernig. Kröfur

dreifiveitna til smávirkjanna er að þær haldast inni ef það verða truflanir, en það getur verið misbrestur á því.

GHG segir að eigendur smávirkjana vilji ekki afhenda „lélega“ vöru, og þess vegna aftengjast þær dreifikerfinu í truflanatilvikum.

Ekki fékkst niðurstaða eða svar frá RJ við spurningum RS.

Annað var ekki rætt.